
FUNDARGERÐ

Fundur: Raforkuhópur 2001-01

Fundartími: Þriðjudagur 6. febrúar 2001 kl. 13:30

Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

1. Raforkunotkun ársins 2000.
2. Fréttatilkynning um raforkunotkun 2000.
3. Áætlun ársins, starfshættir og skipulag vinnu.
4. Notkunarflokkar raforku 2000 og gögn um afl.
5. Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:

Ólafur Pálsson
Rán Jónsdóttir
Jón Gestur Hermannsson
Guðmundur Guðmundsson
Ívar Þorsteinsson
Guðmundur Valsson

Verkfræðistofan Afl:

Jón Vilhjálmsson

ÍP tók við formennsku í hópnunum af GG sem hefur verið formaður undanfarin 2 ár í samræmi við verkreglur hópsins.

1. JV dreifði töflum um raforkunotkun 2000. Hann sagði að tölurnar væru nánast endanlegar þar sem einungis vantar smávægilega vinnslu í dieselstöðvum. JV sagðist ekki vera búinn að fá töpin fyrir Síldarvinnsluna á Neskaupsstað og Bæjarveitur Vestmannaeyja en þar væru töpin sérstaklega áætluð.

Raforkuvinnslan jókst á síðasta ári um 6,9%. Aukning stórnotkunar var 9,3%, almenn notkun jókst um 4,5% og flutningstöp minnkuðu um 9,8%. Aukning í forgangsorku almennrar notkunar var 3,5% og 12,3% í ótryggðri orku. JV benti á að hægt hefði á aukningu almennrar forgangsorku á seinni hluta síðasta árs. Ekki liggur fyrir skýring á minnkun tapa í flutningskerfinu og ætlar RJ að kanna það mál. GG benti á að ótryggða orkan hafi verið skert í janúar 1999.

JV dreifði töflum um almenna raforkunotkun leiðréttu út frá lofthita. Meðalhiti á síðasta ári var svipaður og í meðalári, þó aðeins hærri, en árið á undan var jafn hlýtt og meðalár. Aukning leiðréttrar almennrar notkunar er 4,3% (úr 4,5%) og aukning forgangsorku verður 3,3% (úr 3,5%). JV afhenti hverri veitu fyrir sig upplýsingar um orkuöflun viðkomandi veitu.

2. JV dreifði drögum 1 að fréttatilkynningu um raforkunotkun síðasta árs. Hann sagði að notkun á íbúa væri ekki komin yfir þá tölu í Noregi eins og menn höfðu átt von á. JV benti á að á mynd 2 um aukningu almennrar notkunar væri eigin notkun Landsvirkjunar ekki inni enda væru ekki til upplýsingar um allt tímabilið hvað hana varðar. GG benti á að setja inn upplýsingar um þróun notkunar á mann eftir landshlutum. RJ benti á að setja inn eitthvað sem væri grípandi og í því sambandi var nefnt að setja inn mynd með raforkunotkun á íbúa. JV sagði að nokkuð mál væri að finna til nýjar slíkar tölur og ekki væri hægt að sína álag á þeim degi sem það var mest þar sem þau gögn verða ekki tilbúin fyrr en í vor. GV benti á að senda fréttatilkynninguna til Viðskiptablaðsins. Hann sagði að við mættum einnig hæla okkur af því hve vel raforkuspáin hefur staðist. JV sagði að fréttatilkynningin yrði afgreidd á fundi í Orkuspárnefnd á föstudaginn og ef menn hafa einhverjar athugasemdir eða hugmyndir þurfa þær að komast til JV í síðasta lagi á fimmtudag.
3. Engar athugasemdir komu við áætlun ársins en ÍP benti á að mikilvægt væri að skoða áhrif nýrra raforkulaga á starfsemi nefndarinnar.
4. JV sagði að notkunarflokkar raforku væru komnir frá Rafmagnsveitum ríkisins en aðrir væru ekki búnir að senda þær upplýsingar. Einnig nefndi hann að menn þyrftu að fara að senda inn aflagögnin. GG sagði að þau ættu að vera tilbúin hjá Rafmagnsveitum ríkisins. ÍP sagði að ennþá væri vandamál hjá Orkuveitu Reykjavíkur að taka út þessi gögn vegna nýs sölukerfis. Hann ætlar að athuga með aflagögn frá Elliðaárstöð. JGH sagði að notkunarflokkar væru tilbúin fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 14:30. Næsti fundur ákveðinn 6. mars 2001.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Raforkunotkun 2000. (JV)
- Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita. (JV)
- Raforkunotkun hjá einstaka veitum. (JV)
- Fréttatilkynning. Raforkunotkun ársins 2000. Drög 1.